

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 713/2009 um að koma á fót Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði.

1. gr.

Gildistaka reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 713/2009.

Eftirfarandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB), sem vísað er til í 47. lið í IV. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2017, frá 5. maí 2017, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af IV. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 713/2009, frá 13. júlí 2009, um að koma á fót Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði.

Reglugerðin skal gilda með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2017 og þeim fyrirvara sem fram kemur í 3. gr.

2. gr.

Tilvísun.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2017 frá 5. maí 2017 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 11 frá 7. febrúar 2019, bls. 53, og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 713/2009 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 31 frá 18. maí 2017, bls. 555.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 713/2009 er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Fyrirvari.

Þar sem íslenska raforkukerfið er ekki tengt raforkukerfi annars lands, með grunnvirkjum yfir landamæri, koma ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 713/2009 sem varða raforkutengingar milli landa ekki til framkvæmda á Íslandi á meðan slíkri tengingu hefur ekki verið komið á.

Grunnvirki sem gera mögulegt að flytja raforku milli Íslands og orkumarkaðar ESB verða ekki reist nema að undangengnu samþykki Alþingis og endurskoðun á stjórnskipulegum lagagrundvelli reglugerðarinnar.

4. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 45. gr. raforkulaga nr. 65/2003, með síðari breytingum. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 16. desember 2019.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Ingvi Már Pálsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 713/2009**

frá 13. júlí 2009

um að koma á fót Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,
með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,
með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,
með hliðsjón af álitni svæðanefndarinnar ⁽²⁾,
Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 10. janúar 2007 sem ber yfirskriftina „Stefna í orkumálum fyrir Evrópu“ er lögð áhersla á mikilvægi tilkomu innri markaðarins á sviði raforku og jarðgass. Það að bæta regluramma á vettvangi Bandalagsins var auðkennt sem lykilráðstöfun til að ná því markmiði.
- 2) Komið var á fót óháðum ráðgjafahópi um rafmagn og gas, sem nefnist evrópskur hópur eftirlitsaðila með rafmagn og gasi (EREGG), samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/796/EB ⁽⁴⁾, í því skyni að auðvelda samráð, samræmingu og samstarf milli eftirlitsstofnana í aðildarríkjunum og milli þessara aðila og framkvæmdastjórnarinnar í þeim tilgangi að styrkja innri markaði á sviði raforku og jarðgass. Í hópnum sitja fulltrúar landsbundinna eftirlitsyfirvalda sem komið var á fót samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku ⁽⁵⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/55/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas ⁽⁶⁾.
- 3) Starfið sem unnið hefur verið af evrópskum hópi eftirlitsaðila með rafmagn og gasi frá stofnun hans hefur lagt mikið af mörkum til innri markaða fyrir raforku og jarðgas. Það er þó almennt viðurkennt í geiranum, og hefur verið lagt til af evrópskum hópi eftirlitsaðila með rafmagn og gasi, að valfrjáls samvinna landbundinna eftirlitsaðila skuli nú fara fram innan Bandalagsstofnunar með skýrar valdheimildir og með heimild til að samþykkja einstakar eftirlitsákvæðanir í nokkrum tilteknum málum.
- 4) Á fundum sínum 8. og 9. mars 2007 bauð leiðtogaáráðið framkvæmdastjórninni að koma með tillögur um ráðstafanir til að koma á fót óháðu fyrirkomulagi um samstarf milli landsbundinna eftirlitsaðila.
- 5) Aðildarríkin skulu vinna náið saman og fjarlægja hindranir í vegi viðskipta með raforku og jarðgas yfir landamæri í því skyni að ná fram markmiðum Bandalagsins á sviði orku. Mat á áhrifum tilfanga, sem miðlæg stofnun þarf, leiddi í ljós að óháð, miðlæg stofnun hafði til langs tíma lítið fjölmarga kosti umfram aðra valkosti. Stofna skal Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði (stofnunin) til að bæta glöppur í löggjöfni á vettvangi Bandalagsins og stuðla að skilvirkri starfsemi innri markaða fyrir raforku og jarðgas. Stofnunin skal einnig gera landsbundnum eftirlitsyfirvöldum kleift að auka samvinnu sína á vettvangi Bandalagsins og taka gagnkvæman þátt í Bandalagstengdri starfsemi.
- 6) Stofnunin skal tryggja að eftirlitsstarfsemi landsbundinna eftirlitsyfirvalda í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku ⁽⁷⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/73/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas ⁽⁸⁾ sé samræmd á viðunandi hátt og, ef nauðsyn krefur, lokið á vettvangi Bandalagsins. Í þeim tilgangi er nauðsynlegt að tryggja sjálfstæði stofnunarinnar gagnvart raforku- og gasframleiðendum, flutnings- og dreifikerfisstjórum, hvort sem þeir eru opinberir aðilar eða einkaaðilar, og neytendum og tryggja samræmi aðgerða hennar við lög Bandalagsins, stöðu hennar á sviði tækni og reglusetningar og gagnsæi, ábyrgð gagnvart lýðræðislegri stjórn og skilvirkni.
- 7) Stofnunin skal fylgjast með svæðisbundinni samvinnu milli flutningskerfisstjóra í raforku- og gasgeiranum ásamt framkvæmd verkefna Evrópunets raforkuflutningskerfisstjóra (e. *European Network of Transmission System Operators for Electricity (ENTSO for Electricity)*), og Evrópunets gasflutningskerfisstjóra (e. *ENTSO for Gas*). Þátttaka stofnunarinnar er grundvallaratriði til að tryggja að samstarf flutningskerfisstjóra fari fram á skilvirkan og gagnsæjan hátt til hagsbóta fyrir innri raforku- og jarðgasmarkaði.
- 8) Stofnunin skal fylgjast með, í samvinnu við framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og viðkomandi landsyfirvöld, innri mörkuðum fyrir raforku og jarðgas og upplýsa Evrópuþingið, framkvæmdastjórnina og landsyfirvöld um niðurstöður sínar eftir því sem við á. Eftirlitsverkefni stofnunarinnar skulu ekki endurtaka eða hamlu vöktun framkvæmdastjórnarinnar eða landsyfirvalda, einkum landsbundinna samkeppnisyfirlvalda.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 211, 19.8.2008, bls. 23.⁽²⁾ Stjtið. ESB C 172, 5.7.2008, bls. 55.⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 18. júní 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 9. janúar 2009 (Stjtið. ESB C 75 E, 31.3.2009, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 22. apríl 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Ákvörðun ráðsins frá 25. júní 2009.⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 296, 14.11.2003, bls. 34.⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 37.⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 57.⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 55.⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 94.

- 9) Stofnunin hefur mikilvægu hlutverki að gegna við þróun rammaviðmiðunarreglna sem eru ekki bindandi í eðli sínu og kerfisreglurnar skulu vera í samræmi við. Það er einnig talið viðeigandi fyrir stofnunina, og í samræmi við tilgang hennar, að hún taki þátt í endurskoðun kerfisreglna (bæði þegar þær eru samdar og við breytingar) til að tryggja að þær séu í samræmi við rammaviðmiðunarreglurnar, áður en hún getur mælt með að framkvæmdastjórnin samþykki þær.
- 10) Rétt þykir að kveða á um samþættan ramma sem landsbundin eftirlitsyfirvöld geta tekið þátt í og átt samvinnu um. Sú stefna skal auðveldla samræmda beitingu laganna um innri raforku- og jarðgasmarkaði í gervöllu Bandalaginu. Hvað varðar aðstæður sem snerta fleiri en eitt aðildarríkjanna skal stofnuninni veitt heimild til að samþykkja einstakar ákvarðanir. Sú heimild skal við tiltekin skilyrði taka til tæknilegra þátta, reglakerfis um raforku- og jarðgasgrunnvirki sem tengir eða gæti tengt a.m.k. tvö aðildarríki og, ef þau eiga ekki annars úrkosti, undanþágna frá reglum innri markaðarins um nýja raforkusamtengla og nýtt gasgrunnvirki í fleiri en einu aðildarríki.
- 11) Þar sem stofnunin hefur yfirlit yfir landsbundin eftirlitsyfirvöld, skal hún vera í ráðgjafahlutverki gagnvart framkvæmdastjórninni, öðrum stofnunum Bandalagsins og landsbundnum eftirlitsyfirvöldum að því er varðar málefni tengd þeim tilgangi sem henni var komið á fót í. Einnig skal henni skylt að upplýsa framkvæmdastjórnina ef hún telur að samstarf flutningskerfisstjóra beri ekki þann árangur sem þörf er á, eða ef ákvörðun landsbundins eftirlitsyfirvalds sem er ekki í samræmi við viðmiðunarreglurnar kemur ekki álit, tilmælum eða ákvörðun stofnunarinnar til framkvæmda á viðeigandi hátt.
- 12) Stofnunin skal einnig geta beint tilmælum til eftirlitsyfirvalda og markaðsaðila til að aðstoða þá við að miðla góðum starfsvenjum.
- 13) Stofnunin skal hafa samráð við hagsmunaaðila, eftir því sem við á, og veita þeim eðlilegt tækifæri til að segja álit sitt á fyrirhuguðum ráðstöfunum, svo sem kerfisreglum.
- 14) Stofnunin skal stuðla að framkvæmd viðmiðunarreglna fyrir samevrópsk orkunet eins og mælt er fyrir um í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1364/2006/EB frá 6. september 2006 um viðmiðunarreglur fyrir samevrópsk orkunet ⁽¹⁾, einkum þegar hún gefur álit sitt á óbindandi tíu ára netþróunaráætlunum innan Bandalagsins (netþróunaráætlanir Bandalagsins) í samræmi við 3. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar.
- 15) Stofnunin skal stuðla að viðleitni til að auka orkuöryggi.
- 16) Skipulag stofnunarinnar skal sniðið að þeim sérstöku þörfum sem tengjast reglusetningu um orku. Einkum þarf að taka fullt tillit til hins sérstaka hlutverks landsbundinna eftirlitsyfirvalda og sjálfstæði þeirra tryggt.
- 17) Stjórnin skal hafa nauðsynlegar heimildir til að gera fjárhagsáætlun, fylgjast með framkvæmd hennar, setja innri reglur, samþykkja fjárhagsreglugerðir og skipa framkvæmdastjóra. Nota skal skiptikerfi við endurnýjun stjórnarfulltrúa sem eru tilnefndir af stjórninni í því skyni að tryggja jafna þátttöku aðildarríkjanna til lengri tíma. Stjórnin skal vinna sjálfstætt og á hlutlægan hátt í þágu almennings og skal ekki leita eftir eða fylgja pólitískum fyrirmælum.
- 18) Stofnunin skal hafa nauðsynlegar heimildir til að sinna eftirlitshlutverki sínu á skilvirkan, gagnsæjan, rökstuddan og umfram allt óháðan hátt. Sjálfstæði stofnunarinnar frá raforku- og gasframleiðendum og flutnings- og dreifikerfisstjórum er ekki aðeins lykilatriði í góðum stjórnunarháttum heldur einnig grundvallarskilyrði til að tryggja tiltrú markaða. Með fyrirvara um að fulltrúar hennar komi fram fyrir hönd viðkomandi landsyfirvalda skal stjórn eftirlitsaðila því starfa óháð hvers konar markaðshagsmunum, forðast hagsmunaaðrekstra og hvorki leita eftir eða fylgja fyrirmælum eða þiggja ráðleggingar frá ríkisstjórn aðildarríkis, framkvæmdastjórninni né neinum öðrum opinberum aðilum eða einkaaðilum. Ákvarðanir stjórnar eftirlitsaðila skulu, á sama tíma, vera í samræmi við lög Bandalagsins um orku, svo sem innri orkumarkaðurinn, umhverfið og samkeppni. Stjórn eftirlitsaðila skal tilkynna álit sín, tilmæli og ákvarðanir til stofnana Bandalagsins.
- 19) Þar sem stofnunin hefur vald til ákvarðanatöku, skal hagsmunaaðilum, með skírskotun til hagsýnnar málsmeðferðar, veittur réttur til málskots til kærunefndar, sem skal vera hluti af stofnuninni, en óháð stjórnarsýslu- og reglusetningarskipulagi hennar. Í þágu samfelldni skal tilnefning eða endurnýjun fulltrúa í kærunefndinni heimila skipun hluta fulltrúanna í kærunefndinni að nýju. Ákvarðanir kærunefndarinnar geta fallið undir áfrýjun fyrir Evrópuðómstólum.
- 20) Stofnunin skal aðallega fjármögnuð af fjárlögum Evrópusambandsins, með gjöldum og frjálsum framlögum. Einkum skal fjármagn sem er eins og sakir standa lagt í samsjód af eftirlitsyfirvöldum vegna samstarfs þeirra á vettvangi Bandalagsins áfram vera tiltækt stofnuninni. Fjárlagagerð Bandalagsins gildir áfram fyrir hugsanleg fjárfrahlög af almennum fjárlögum Evrópusambandsins. Enn fremur skal endurskoðunarrétturinn endurskoða reikninga í samræmi við 91. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2343/2002 frá 19. nóvember 2002 um fjárhagslega rammareglugerð fyrir þá aðila sem um getur í 185. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna ⁽²⁾.
- 21) Eftir að stofnuninni hefur verið komið á fót skulu fjárlög hennar metin stöðugt af fjárveitingavaldinu með tilliti til vinnuálags hennar og frammistöðu. Fjárveitingavaldið skal tryggja að hámarksstaðlar um skilvirkni séu uppfylltir.
- 22) Stofnunin skal hafa á að skipa mjög hæfu starfsfólki. Einkum skal hún njóta hæfni og reynslu starfsfólks sem landsbundin eftirlitsyfirvöld, framkvæmdastjórnin og aðildarríkin senda til starfa. Starfsmannareglur embættismanna Evrópubandalaganna og ráðningarskilmálar annarra starfsmanna Evrópubandalaganna, sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE, KBE, KSE) nr. 259/68 ⁽³⁾ og reglurnar sem samþykktar voru sameiginlega af stofnunum Evrópubandalagsins til beitingar þessum starfsmannareglum og ráðningarskilmálum skulu gilda um starfsfólk skrifstofunnar. Stjórnin skal samþykkja viðeigandi framkvæmdarreglur í samráði við framkvæmdastjórnina.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 262, 22.9.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 357, 31.12.2002, bls. 72.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 56, 4.3.1968, bls. 1.

- 23) Stofnunin skal beita almennu reglunum um almennan aðgang að skjölum í vörslu aðila Bandalagsins. Stjórnin skal koma á hagnýtum ráðstöfunum til að vernda viðkvæmar viðskiptaupplýsingar og persónuupplýsingar.
- 24) Stofnunin skal vera ábyrg gagnvart Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni, eftir því sem við á.
- 25) Lönd sem eru ekki aðilar að Bandalaginu skulu geta tekið þátt í starfi stofnunarinnar í samræmi við viðeigandi samninga sem Bandalagið mun ganga frá.
- 26) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.
- 27) Einkum skal framkvæmdastjórnin hafa umboð til að samþykkja viðmiðunarreglur sem nauðsynlegar eru við aðstæður þar sem stofnunin verður lögð til að taka ákvörðun um skilyrði og skilmála fyrir aðgangi að og rekstraröryggi grunnvirkis yfir landamæri. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 28) Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið innan þriggja ára frá því að fyrsti framkvæmdastjórnin hefur störf, og á fjögurra ára fresti eftir það, skýrslu um sérstök verkefni stofnunarinnar og þann árangur sem náðst hefur, ásamt viðeigandi tillögum. Í þeirri skýrslu skal framkvæmdastjórnin setja fram tillögur um frekari verkefni fyrir stofnunina.
- 29) Þar eð aðildarríkin geta ekki ein og sér fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. þátttöku og samvinnu landsbundinna eftirlitsyfirvalda á vettvangi Bandalagsins, og þeim verður því betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans. Með þessari reglugerð er ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum í samræmi við meðalhófsregluna eins og hún er sett fram í framangreindri grein.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

STOFNUN OG RÉTTARSTAÐA

1. gr.

Efni

1. Með þessari reglugerð er komið á fót Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði (stofnuninni).
2. Tilgangur stofnunarinnar skal vera að aðstoða eftirlitsyfirvöld sem um getur í 35. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku ⁽²⁾ og 39. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/73/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas ⁽³⁾ við að framkvæma á vettvangi Bandalagsins eftirlitsverkefni sem sinnt er í aðildarríkjunum, og ef nauðsyn krefur, að samræma aðgerðir þeirra.
3. Hún mun verða hýst í húsnæði framkvæmdastjórnarinnar þangað til húsnæði stofnunarinnar verður tilbúið.

2. gr.

Réttarstaða

1. Stofnunin skal vera Bandalagsstofnun með réttarstöðu lögaðila.
2. Stofnunin skal njóta þess réttshæfis í öllum aðildarríkjunum sem löggjöf þeirra framast veitir lögaðilum. Hún skal m.a. geta aflað eða afsalað sér fasteignum og lausafé og tekið þátt í málarekstri.
3. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar er í forsvari fyrir hana.

3. gr.

Samsetning

Til stofnunarinnar teljast:

- a) stjórn sem annast þau verkefni sem eru sett fram í 13. gr.,
- b) stjórn eftirlitsaðila, sem skal annast þau verkefni sem eru sett fram í 15. gr.,
- c) framkvæmdastjóri sem annast þau verkefni sem eru sett fram í 17. gr. og
- d) kærufénd sem annast þau verkefni sem eru sett fram í 19. gr.

4. gr.

Tegundir aðgerða stofnunarinnar

Stofnunin skal:

- a) gefa út álit og tilmæli sem beint er til flutningskerfisstjóra,
- b) gefa út álit og tilmæli sem beint er til eftirlitsyfirvalda,
- c) gefa út álit og tilmæli sem beint er til Evrópuþingsins, ráðsins eða framkvæmdastjórnarinnar,
- d) taka einstakar ákvarðanir um sérstök tilvik sem um getur í 7., 8. og 9. gr. og

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 55.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 94.

- e) leggja fyrir framkvæmdastjórnina rammaviðmiðunarreglur sem eru ekki bindandi (rammaviðmiðunarreglur) í samræmi við 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 714/2009 frá 13. júlí 2009 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuvíðskipti yfir landamæri ⁽¹⁾, og 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2009 frá 13. júlí 2009 um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas ⁽²⁾.

II. KAFLI

VERKEFNI

5. gr.

Almenn verkefni

Stofnunin getur, að fenginni beiðni frá Evrópuþinginu, ráðinu eða framkvæmdastjórninni, eða að eigin frumkvæði, lagt fram álit eða tilmæli til Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um málefni sem tengjast þeim markmiðum, sem liggja til grundvallar því að stofnuninni var komið á fót.

6. gr.

Verkefni að því er varðar samstarf flutningskerfisstjóra

1. Stofnunin skal skila framkvæmdastjórninni álit á drögum að samþykktum, félagaskrá og drögum að starfsreglum Evrópunets raforkuflutningskerfisstjóra, í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 714/2009, og Evrópunets gasflutningskerfisstjóra í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2009.
2. Stofnunin skal fylgjast með framkvæmd verkefna Evrópunets raforkuflutningskerfisstjóra í samræmi við 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 714/2009 og Evrópunets gasflutningskerfisstjóra í samræmi við 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2009.
3. Stofnunin skal skila álitum:
 - a) til Evrópunets raforkuflutningskerfisstjóra í samræmi við 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 714/2009 og til Evrópunets gasflutningskerfisstjóra í samræmi við 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2009 um kerfisreglur og
 - b) til Evrópunets raforkuflutningskerfisstjóra í samræmi við fyrstu undirgrein 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 714/2009, og til Evrópunets gasflutningskerfisstjóra í samræmi við fyrstu undirgrein 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2009 um drög að árlegri starfsáætlun, drög að netþróunaráætlun fyrir Bandalagið og önnur viðeigandi skjöl sem um getur í 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 714/2009 og 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2009, með tilliti til markmiða um bann við mismunun, virka samkeppni og skilvirka og örugga starfsemi innri markaðanna fyrir raforku og jarðgas.
4. Stofnunin skal veita áreiðanlegt og vel rökstutt álit ásamt tilmælum til Evrópunets raforkuflutningskerfisstjóra, Evrópunets gasflutningskerfisstjóra, Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar, telji hún að drög að árlegri starfsáætlun eða drög að netþróunaráætlun fyrir Bandalagið sem er lögð fyrir stofnunina í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 714/2009 og aðra undirgrein 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2009 stuðli ekki að banni við mismunun, virkri samkeppni og skilvirkri starfsemi markaðsins eða nægilegum tengingum yfir landamæri með opnum aðgangi fyrir þriðju aðila, eða uppfylli ekki viðeigandi ákvæði tilskipunar 2009/72/EB og reglugerðar (EB) nr. 714/2009 eða tilskipunar 2009/73/EB og reglugerðar (EB) nr. 715/2009.

Stofnunin skal taka þátt í þróun kerfisreglna í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 714/2009 og 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2009.

Stofnunin skal leggja fram rammaviðmiðunarreglur, sem eru ekki bindandi, fyrir framkvæmdastjórnina, sé þess krafist skv. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 714/2009 eða 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2009. Stofnunin skal endurskoða rammaviðmiðunarreglurnar sem eru ekki bindandi og leggja þær aftur fyrir framkvæmdastjórnina ef farið er fram á það skv. 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 714/2009 eða 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2009.

Stofnunin skal senda rökstutt álit um kerfisreglur til Evrópunets raforkuflutningskerfisstjóra eða Evrópunets gasflutningskerfisstjóra í samræmi við 7. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) 714/2009 eða 7. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2009.

Stofnunin skal leggja kerfisreglur fyrir framkvæmdastjórnina og getur mælt með að þær verði samþykktar í samræmi við 9. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 714/2009 eða 9. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2009. Stofnunin skal útbúa og leggja fram drög að kerfisreglum til framkvæmdastjórnarinnar ef farið er fram á það skv. 10. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 714/2009 eða 10. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2009.

5. Stofnunin skal senda framkvæmdastjórninni ítarlega rökstutt álit, í samræmi við 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 714/2009 eða 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2009, hafi Evrópunet raforkuflutningskerfisstjóra eða Evrópunet gasflutningskerfisstjóra ekki framkvæmt kerfisreglur sem útfærðar hafa verið í samræmi við 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 714/2009 eða 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2009 eða kerfisreglur sem hefur verið komið á í samræmi við 1. til 10. mgr. 6. gr. þeirra reglugerða en sem framkvæmdastjórnin hefur ekki samþykkt skv. 11. mgr. 6. gr. þeirra reglugerða.

6. Stofnunin skal fylgjast með og greina framkvæmd kerfisreglnanna og viðmiðunarreglnanna sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við 11. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 714/2009 og í 11. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2009, og áhrif þeirra á samræmingu viðeigandi reglna sem miða að því að auðvelda markaðssamþættingu og á bann við mismunun, virka samkeppni og skilvirka starfsemi markaðsins, og skila skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar.

7. Stofnunin skal fylgjast með framvindu hvað varðar framkvæmd verkefna til að auka flutningsgetu um samtengla.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 36.

8. Stofnunin skal fylgjast með framkvæmd netþróunaráætlananna í gervöllu Bandalaginu. Ef hún greinir ósamræmi milli slíkrar áætlunar og framkvæmdar hennar, skal hún kanna ástæður þess ósamræmis og koma fram með tillæmi til flutningskerfisstjóra, landsbundinna eftirlitsyrvalda eða annarra lögbærra hlutaðeigandi aðila til að framkvæma fjárfestingarnar í samræmi við netþróunaráætlanir í gervöllu Bandalaginu.

9. Stofnunin skal fylgjast með svæðisbundinni samvinnu flutningskerfisstjóra sem vísað er til í 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 714/2009 og 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2009, og taka tilhlýðilegt tillit til afraksturs þeirrar samvinnu við framsetningu eigin álits, tilmæla og ákvarðana.

7. gr.

Verkefni að því er varðar landsbundin eftirlitsyrfvöld

1. Stofnunin skal samþykkja einstakar ákvarðanir um tæknileg málefni þar sem kveðið er á um þær ákvarðanir í tilskipun 2009/72/EB, tilskipun 2009/73/EB, reglugerð (EB) nr. 714/2009 eða reglugerð (EB) nr. 715/2009.

2. Stofnunin getur, í samræmi við vinnuáætlun sína eða að ósk framkvæmdastjórnarinnar, mælt með aðstoð við eftirlitsyrfvöld og markaðsaðila við að miðla góðum starfsvenjum.

3. Stofnunin skal setja ramma þar sem landsbundin eftirlitsyrfvöld geta átt samvinnu. Hún skal stuðla að samstarfi milli landsbundinna eftirlitsyrvalda og milli eftirlitsyrvalda á svæðis- og Bandalagsvísu, og skal taka tilhlýðilegt tillit til afraksturs slíkrar samvinnu við framsetningu eigin álits, tilmæla og ákvarðana. Telji stofnunin að þörf sé á bindandi reglum um slíkt samstarf skal hún koma fram með víðeigandi tillæmi við framkvæmdastjórnina.

4. Stofnunin skal veita álit, byggt á staðreyndum, ef eftirlitsyrvald eða framkvæmdastjórnin fer fram á það, á því hvort ákvörðun eftirlitsyrvalds er í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem vísað er til í tilskipun 2009/72/EB, tilskipun 2009/73/EB, reglugerð (EB) nr. 714/2009 eða reglugerð (EB) nr. 715/2009 eða við önnur víðeigandi ákvæði þessa tilskipana eða reglugerða.

5. Fari landsbundið eftirlitsyrvald ekki að áliti stofnunarinnar eins og um getur í 4. mgr. innan fjögurra mánaða frá viðtöku-degi, skal stofnunin tilkynna það framkvæmdastjórninni og aðildarríkinu sem í hlut á.

6. Þegar landsbundið eftirlitsyrvald á í erfiðleikum, í tilteknu tilviki, með beitingu viðmiðunarreglna sem um getur í tilskipun 2009/72/EB, tilskipun 2009/73/EB, reglugerð (EB) nr. 714/2009 eða reglugerð (EB) nr. 715/2009, getur það óskað eftir áliti stofnunarinnar. Stofnunin skal gefa álit sitt, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, innan þriggja mánaða eftir að slíkt beiðni berst henni.

7. Stofnunin skal ákveða skilmála og skilyrði fyrir aðgangi að og rekstraröryggi grunnvirkis fyrir raforku og gas sem tengir eða gæti tengt a.m.k. tvö aðildarríki (grunnvirki yfir landamæri), í samræmi við 8. gr.

8. gr.

Verkefni sem varða skilmála og skilyrði fyrir aðgangi að og rekstraröryggi grunnvirkis yfir landamæri

1. Hvað varðar grunnvirki yfir landamæri skal stofnunin aðeins taka ákvörðun í málum sem varða reglusetningu, falla innan valdehimilda landsbundinna eftirlitsyrvalda, og kunna að innihalda skilyrði og skilmála fyrir aðgangi að og rekstraröryggi:

- ef lögbær landsbundin eftirlitsyrfvöld hafa ekki getað komist að samkomulagi um málið innan sex mánaða frá því að því var vísað til síðasta stjórnvaldsins eða
- að fenginni sameiginlegri beiðni lögbærra landsbundinna eftirlitsyrvalda.

Lögbær landsbundin eftirlitsyrfvöld geta sameiginlega farið fram á að tímabilið sem um getur í a-lið verði framlengt um allt að sex mánuði.

Við undirbúning ákvörðunar sinnar getur stofnunin haft samráð við landsbundin eftirlitsyrfvöld og viðkomandi flutningskerfisstjóra og skal hún upplýst um tillögur og athugasemdir allra flutningskerfisstjóra sem hlut eiga að máli.

2. Skilmálar og skilyrði fyrir aðgangi að grunnvirkjum yfir landamæri skulu taka til:

- verklagsreglu fyrir úthlutun flutningsgetu,
- tímamarka úthlutunar,
- hlutdeildar í tekjum vegna kerfisangar og
- álagningu gjalda á notendur grunnvirkis sem um getur í d-lið 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 714/2009 eða d-lið 1. mgr. 36. gr. tilskipunar 2009/73/EB.

3. Hafi máli verið vísað til stofnunarinnar skv. 1. mgr.:

- skal stofnunin leggja fram ákvörðun sína innan 6 mánaða frá því að málinu var vísað til hennar og
- getur stofnunin, ef nauðsyn krefur, tekið bráðabirgðaákvörðun til að tryggja að afhendingaröryggis eða rekstraröryggis grunnvirkisins sem um ræðir sé gætt.

4. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt viðmiðunarreglur um aðstæður þar sem stofnunin verður lögbær til að taka ákvarðanir um skilyrði og skilmála fyrir aðgangi að og rekstraröryggi grunnvirkis yfir landamæri. Þessar ráðstafanir, sem eru ætlaðar til breytinga á atriðum sem ekki teljast grundvallaratriði í þessari reglugerð með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 32. gr. þessarar reglugerðar.

5. Taki mál sem varða reglusetningu sem um getur í 1. mgr. til undanþágna í skilningi 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 714/2009 eða 36. gr. tilskipunar 2009/73/EB, skal frestur sem um getur í reglugerðinni ekki bætast við frest sem kveðið er á um í ákvæðunum.

*9. gr.***Önnur verkefni**

1. Stofnunin getur ákveðið undanþágur, eins og kveðið er á um í 5. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 714/2009. Stofnunin getur einnig ákveðið undanþágur eins og kveðið er á um í 4. mgr. 36. gr. tilskipunar 2009/73/EB ef grunnvirkið sem um getur er staðsett á svæði fleiri en eins aðildarríkis.

2. Stofnunin skal leggja fram álit, að ósk framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 714/2009 eða aðra undirgrein 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2009, um ákvarðanir landsbundinna eftirlitsyfirvalda um vottun.

Stofnuninni má fela viðbótarverkefni sem fela ekki í sér vald til ákvörðunartöku, við aðstæður sem eru skýrt skilgreindar af framkvæmdastjórninni í viðmiðunarreglum samþykktum í samræmi við 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 714/2009 eða 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2009, og varðandi málefni sem tengjast þeim markmiðum sem liggja til grundvallar því að stofnuninni var komið á fót.

*10. gr.***Samráð og gagnsæi**

1. Við framkvæmd verkefna sinna, einkum í tengslum við þróun rammaviðmiðunarreglna í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 714/2009 eða 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2009 og við gerð tillagna um breytingar á kerfisreglum skv. 7. gr. annarrar hvorrar reglugerðarinnar, skal stofnunin hafa viðtækt samráð snemma í ferlinu við markaðsaðila, flutningskerfisstjóra, neytendur, endanlega notendur og, þar sem við á, samkeppnisyfirlöng, með fyrirvara um valdsvið hvers um sig, á opinn og gagnsæjan hátt, einkum þegar verkefni þeirra snerta flutningskerfisstjóra.

2. Stofnunin skal sjá til þess að almenningur og hagsmunaaðilar fái hlutlausar, áreiðanlegar og aðgengilegar upplýsingar, einkum að því er varðar niðurstöður úr starfi hennar, eftir því sem við á.

Birta skal öll skjöl og fundargerðir samráðsfunda sem haldnir hafa verið við þróun rammaviðmiðunarreglna í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 714/2009 eða 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2009, eða við breytingu á kerfisreglum skv. 7. gr. annarrar hvorrar reglugerðarinnar.

3. Áður en stofnunin samþykkir rammaviðmiðunarreglur í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 714/2009 eða 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2009, eða leggur til breytingar á kerfisreglum skv. 7. gr. annarrar hvorrar reglugerðarinnar, skal stofnunin gefa til kynna hvernig tekið hefur verið tillit til athugasemda sem borist hafa við samráðið og skal gefa upp ástæður þar sem ekki hefur verið tekið mið af þeim athugasemdum.

4. Stofnunin skal birta, á eigin vefsetri, a.m.k. dagskrá, skjöl og, eftir því sem við á, fundargerðir stjórnar, nefndar eftirlitsaðila og kærunefndar.

*11. gr.***Vöktun og skýrslugjöf í raforku- og jarðgasseirunum**

1. Stofnunin skal, í nánú samstarfi við framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og viðkomandi landsyfirlöng, þ.m.t. landsbundin eftirlitsyfirlöng og með fyrirvara um valdsvið samkeppnisyfirlöng, fylgjast með innri mörkuðum fyrir raforku og jarðgas, einkum smásöluverði á raforku og jarðgasi, aðgangi að netinu, þ.m.t. aðgangi rafmagns sem framleitt er úr endurnýjanlegum orkugjöfum, og reglufylgni við réttindi neytenda sem sett eru fram í tilskipun 2009/72/EB og tilskipun 2009/73/EB.

2. Stofnunin skal birta ársskýrslu opinberlega um niðurstöður eftirlitsins sem kveðið er á um í 1. mgr. Í þeirri skýrslu skal hún tilgreina allar hindranir í vegi fyrir tilkomu innri raforku- og gasmarkaða.

3. Þegar stofnunin birtir ársskýrslu sína getur hún lagt álit fyrir Evrópuþingið og framkvæmdastjórnina um hvaða ráðstafanir væri hægt að gera í því skyni að fjarlægja hindranir sem um getur í 2. mgr.

III. KAFLI

SKIPULAG*12. gr.***Stjórn**

1. Stjórnin skal skipuð níu fulltrúum. Allir fulltrúar skulu hafa varamann. Tveir fulltrúar og varamenn þeirra skulu tilnefndir af framkvæmdastjórninni, tveir fulltrúar og varamenn þeirra skulu tilnefndir af Evrópuþinginu og fimm fulltrúar og varamenn þeirra skulu tilnefndir af ráðinu. Enginn þingmaður á Evrópuþinginu skal sitja í stjórninni. Skipunartími stjórnarfulltrúanna og varamanna þeirra er fjögur ár og heimilt er að endurnýja hann einu sinni. Hvað varðar veitingu fyrsta umboðs skal skipunartími helmings fulltrúa í stjórninni og varamanna þeirra vera sex ár.

2. Stjórnin skipar formann og varaformann úr eigin röðum. Varaformaður skal sjálfkrafa taka við skyldum formanns ef sá síðarnefndi er ekki fær um að rækja skyldur sínar. Skipunartími formanns og varaformanns er tvö ár og má endurnýja hann einu sinni. Skipunartíma formanns og varaformanns skal ljúka þegar stjórnarsetu þeirra lýkur.

3. Formaður boðar til stjórnarfunda. Formaður stjórnar eftirlitsaðila, eða tilnefndur fulltrúi stjórnar eftirlitsaðila, og framkvæmdastjórnin skulu taka þátt, án kosningaréttar, í umræðunum nema stjórnin ákveði annað að því er varðar framkvæmdastjórnann. Stjórnin skal koma saman a.m.k. tvisvar á ári á reglulegum fundi. Hún skal einnig koma saman að frumkvæði formanns, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða að beiðni minnst þriðjunges fulltrúa hennar. Stjórnin má bjóða hverjum þeim sem kann

að hafa eitthvað til málanna að leggja að sitja fundi sína sem áheyrnarfulltrúar. Með fyrirvara um starfsreglur stjórnar er stjórnarfulltrúum heimilt að leita aðstoðar ráðgjafa eða sérfræðinga. Stofnunin annast skrifstofuþjónustu stjórnar.

4. Ákvarðanir stjórnarinnar skulu samþykktar með tveim þriðju hlutum atkvæða þeirra fulltrúa sem eru viðstaddir, nema þessi reglugerð kveði á um annað. Hver fulltrúi stjórnarinnar eða varamaður fer með eitt atkvæði.
5. Í starfsreglum skal setja fram með ítarlegri hætti:
 - a) það fyrirkomulag sem gildir við atkvæðagreiðslur, einkum skilyrði fyrir því að einn fulltrúi geti komið fram fyrir hönd annars, og, eftir því sem við á, reglur sem gilda um ákvörðunarbæran meirihluta og
 - b) það fyrirkomulag sem gildir um skiptikerfi við endurnýjun stjórnarfulltrúa sem eru tilnefndir af ráðinu í því skyni að tryggja að þátttaka aðildarríkjanna sé jöfn til lengri tíma.
6. Fulltrúi stjórnar skal ekki vera fulltrúi í stjórn eftirlitsaðila.
7. Stjórnarfulltrúar skulu skuldbinda sig til að til að vinna á sjálfstæðan og óháðan hátt í þágu almennings, án þess að leita eftir né fylgja neinum stjórnmálalegum fyrirætlum. Í þeim tilgangi skal hver fulltrúi gefa skriflega yfirlýsingu um skuldbindingar og skriflega yfirlýsingu um hagsmuni, þar sem annaðhvort segir að hann eigi engra hagsmuna að gæta, sem gætu skaðað óháði hans, eða hvaða beinna eða óbeinna hagsmuna hann eigi að gæta, sem gætu talist skaða óháði hans. Þessar yfirlýsingar skulu gerðar opinberar árlega.

13. gr.

Verkefni stjórnar

1. Stjórnin skal, eftir samráð við stjórn eftirlitsaðila og að fengnu jákvæðu álitni hennar í samræmi við 2. mgr. 15. gr., tilnefna framkvæmdastjórnann í samræmi við 2. mgr. 16. gr.
2. Stjórnin skal formlega tilnefna fulltrúa í stjórn eftirlitsaðila í samræmi við 1. mgr. 14. gr.
3. Stjórnin skal formlega tilnefna fulltrúa í kærufund í samræmi við 1. og 2. mgr. 18. gr.
4. Stjórnin skal sjá til þess að stofnunin gegni hlutverki sínu og sinni verkefnum sínum í samræmi við þessa reglugerð.
5. Stjórnin skal samþykkja, fyrir 30. september ár hvert, eftir samráð við framkvæmdastjórnina og að fengnu samþykki stjórnar eftirlitsaðila í samræmi við 3. mgr. 15. gr., starfsáætlun stofnunarinnar fyrir næsta ár og skal leggja hana fram fyrir Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnina. Starfsáætlunin skal samþykkt með fyrirvara um árlega fjárlagagerð og skal gerð opinber.
6. Stjórnin skal samþykkja og, ef þörf er á, endurskoða áætlun til margra ára. Endurskoðunin skal byggð á matskýrslu, sem gerð er af óháðum utanaðkomandi sérfræðingi að beiðni stjórnarinnar. Þessi skjöl skulu gerð opinber.
7. Stjórnin skal beita valdsviði sínu að því er varðar fjárhagsáætlanir í samræmi við 21.-24. gr.
8. Stjórnin skal ákveða, að fengnu samþykki framkvæmdastjórnarinnar, hvort hún samþykkir arfhloti, framlög eða styrki frá öðrum í Bandalaginu eða frijals framlög frá aðildarríkjunum eða frá eftirlitsyfirvöldum. Það álit sem stjórnin skal skila skv. 5. mgr. 24. gr. skal fjalla sérstaklega um uppruna fjármuna sem settir eru fram í þessari málsgrein.
9. Stjórnin, að höfðu samráði við stjórn eftirlitsaðila, skal vera yfir framkvæmdastjórnann sett.
10. Stjórnin skal, ef nauðsyn krefur, setja framkvæmdarreglur fyrir stofnunina til að koma starfsmannareglum í framkvæmd skv. 2. mgr. 28. gr.
11. Stjórnin skal samþykkja hagnýtar ráðstafanir um rétt til aðgangs að skjölum stofnunarinnar, í samræmi við 30. gr.
12. Stjórnin skal samþykkja og birta ársskýrslu um starfsemi stofnunarinnar, á grunni draga að ársskýrslu sem um getur í 8. mgr. 17. gr., og skal senda þá skýrslu til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar, endurskoðunarréttarins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna og svæðanefndarinnar eigi síðar en 15. júní ár hvert. Ársskýrslan um starfsemi stofnunarinnar skal innihalda sjálfstæðan hluta, samþykktan af stjórn eftirlitsaðila, varðandi eftirlitsstarfsemi stofnunarinnar á því ári sem horft er til.
13. Stjórnin setur sér starfsreglur og birtir þær.

14. gr.

Stjórn eftirlitsaðila

1. Stjórn eftirlitsaðila skal skipuð:
 - a) háttsettum fulltrúum eftirlitsyfirvalda, í samræmi við 1. mgr. 35. gr. tilskipunar 2009/72/EB og 1. mgr. 39. gr. tilskipunar 2009/73/EB, og einum varamanni fyrir hvert aðildarríki úr hópi háttsetts starfsfólks þeirra stjórnvalda,
 - b) einum fulltrúa án atkvæðisréttar fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar.

Aðeins einum fulltrúa frá eftirlitsyfirvaldi hvers aðildarríkis er heimilt að sitja í stjórn eftirlitsaðila.

Hvert landsbundið eftirlitsyfirvald skal vera ábyrgt fyrir útnefningu varamanns úr hópi starfsfólks landsbundna eftirlitsyfirvaldsins.

2. Stjórn eftirlitsaðila kýs formann og varaformann úr sínum röðum. Varaformaður skal taka við skyldum formanns ef sá síðarnefndi er ekki fær um að rækja skyldur sínar. Skipunartími formanns og varaformanns er tvö og hálf ár og má endurnýja hann. Í öllum tilvikum skal skipunartíma formanns og varaformanns þó ljúka þegar stjórnarsetu þeirra lýkur.
3. Stjórn eftirlitsaðila skal taka ákvarðanir með meirihluta sem nemur tveimur þriðju hlutum atkvæða þeirra fulltrúa sem eru viðstaddir. Hver fulltrúi eða varamaður fer með eitt atkvæði.

- Stjórn eftirlitsaðila skal setja sér og birta starfsreglur, þar sem setja skal fram með ítarlegri hætti það fyrirkomulag sem gildir við atkvæðagreiðslur, einkum skilyrði fyrir því að einn fulltrúi geti komið fram fyrir hönd annars, og einnig eftir því sem við á, reglur sem gilda um ákvörðunarþæran meirihluta. Starfsreglurnar geta kveðið á um tilgreindar starfsaðferðir með tilliti til málefna sem upp koma í tengslum við svæðisbundið samstarf.
- Stjórn eftirlitsaðila skal starfa sjálfstætt við framkvæmd þeirra verkefna sem henni eru falin með þessari reglugerð, án þess að það hafi áhrif á að fulltrúar hennar komi fram fyrir hönd viðkomandi eftirlitsyfírvalda, og hvorki leita eftir né þiggja fyrirmæli frá ríkisstjórn aðildarríkis, framkvæmdastjórninni né neinum öðrum opinberum aðilum eða einkaaðilum.
- Stofnunin annast skrifstofuhald stjórnar eftirlitsaðila.

15. gr.

Verkefni stjórnar eftirlitsaðila

- Stjórn eftirlitsaðila skal gefa framkvæmdastjóra álit á álit, tilmælum og ákvörðunum sem vísað er til í 5., 6., 7., 8. og 9. gr. og skoða hvort rétt sé að samþykkja þau. Til viðbótar skal stjórn eftirlitsaðila, innan valdsviðs sín, veita framkvæmdastjóra leiðsögn við framkvæmd verkefna hans.
- Stjórn eftirlitsaðila skal skila álit til stjórnarinnar um þann umsækjanda sem tilnefna á sem framkvæmdastjóra í samræmi við 1. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 16. gr. Stjórn eftirlitsaðila skal taka þá ákvörðun á grundvelli atkvæða þriggja fjórðu hluta fulltrúa.
- Stjórn eftirlitsaðila skal, í samræmi við 5. mgr. 13. gr. og 6. mgr. 17. gr. og í samræmi við fyrstu drög að fjárhagsáætlun gerðri í samræmi við 1. mgr. 23. gr., samþykkja starfsáætlun stofnunarinnar fyrir næsta ár og kynna hana eigi síðar en 1. september ár hvert til samþykktar stjórnarinnar.
- Stjórn eftirlitsaðila skal samþykkja sjálfstæða hluta ársskýrslunnar um eftirlitsstarfsemi í samræmi við 12. mgr. 13. gr. og 8. mgr. 17. gr.
- Evrópuþingið getur boðið formanni stjórnar eftirlitsaðila, en verður þó að virða að fullu sjálfstæði hans, eða varamanni hans að gefa yfirlýsingu frammi fyrir þar til bæri nefnd og svara spurningum þeirra sem eiga sæti í henni.

16. gr.

Framkvæmdastjóri

- Stofnuninni skal stjórnað af framkvæmdastjóra hennar, sem skal starfa í samræmi við leiðbeiningar sem kveðið er á um í annarri setningu 1. mgr. 15. gr. og, þar sem mælt er fyrir um það í þessari reglugerð, álit stjórnar eftirlitsaðila. Með fyrirvara um hlutverk stjórnar og stjórnar eftirlitsaðila í tengslum við verkefni framkvæmdastjórans skal framkvæmdastjórinn hvorki leita eftir né fylgja fyrirmælum frá neinni ríkisstjórn, framkvæmdastjórninni eða nokkrum öðrum opinberum eða einkareknum aðila.
- Framkvæmdastjórinn skal tilnefndur af stjórn að fengnu jákvæðu álit stjórnar eftirlitsaðila, á grundvelli verðleika sinna og færni og viðeigandi reynslu í orkugeiranum, af lista yfir a.m.k. þrjá umsækjendur að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, eftir að auglýst hefur verið opinberlega eftir áhugasömum aðilum. Fyrir tilnefninguna skal umsækjandanum, sem stjórnin velur, boðið að gefa yfirlýsingu frammi fyrir lögbærri nefnd Evrópuþingsins og svara spurningum þingmanna.
- Skipunartími framkvæmdastjóra skal vera fimm ár. Framkvæmdastjórnin skal framkvæma mat níu mánuðunum fyrir lok þess tímabils. Við mat sitt skal framkvæmdastjórnin einkum rannsaka:
 - frammistöðu framkvæmdastjórans,
 - skyldur og kröfur stofnunarinnar á komandi árum.

Matið varðandi b-lið skal framkvæmt með hjálp óháðs utanaðkomandi sérfræðings.

- Stjórnin getur, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að höfðu samráði og að teknu ítrasta tilliti til matsins og álits stjórnar eftirlitsaðila á því mati og aðeins í þeim tilvikum þar sem það er réttlætunlegt með skyldum og kröfum stofnunarinnar, framlengt ráðningartíma framkvæmdastjórans einu sinni en ekki lengur en í þrjú ár.
- Stjórnin skal tilkynna Evrópuþinginu um allar fyrirætlanir um að framlengja skipunartíma framkvæmdastjóra. Innan eins mánaðar fyrir framlengingu skipunartímans, er heimilt að bjóða framkvæmdastjóra að gefa yfirlýsingu frammi fyrir þar til bæri nefnd þingsins og svara spurningum þeirra sem þar eiga sæti.
- Ef skipunartími er ekki framlengdur skal framkvæmdastjóri sitja í embætti þar til arftaki hans hefur verið tilnefndur.
- Aðeins er hægt að vikja framkvæmdastjóranum úr embætti samkvæmt ákvörðun stjórnar, að fengnu jákvæðu álit stjórnar eftirlitsaðila. Stjórnin skal taka þá ákvörðun á grundvelli atkvæða þriggja fjórðu hluta stjórnarfulltrúa.
- Evrópuþingið og ráðið geta farið þess á leit við framkvæmdastjórnann að hann leggi fram skýrslu um störf sín. Evrópuþingið getur einnig boðið framkvæmdastjóranum að gefa yfirlýsingu frammi fyrir þar til bæri nefnd og svara spurningum þeirra sem eiga sæti í henni.

17. gr.

Verkefni framkvæmdastjóra

- Framkvæmdastjórinn er fulltrúi stofnunarinnar og fer með stjórn hennar.
- Framkvæmdastjórinn skal undirbúa störf stjórnarinnar. Hann tekur þátt í starfi stjórnarinnar án þess að hafa atkvæðisrétt.
- Framkvæmdastjórinn skal samþykkja og birta álit, tilmæli og ákvarðanir sem vísað er til í 5., 6., 7., 8. og 9. gr., sem hafa fengið jákvætt álit stjórnar eftirlitsaðila.

4. Framkvæmdastjórinn skal bera ábyrgð á því að árlegri starfsáætlun stofnunarinnar sé hrundið í framkvæmd undir leiðsögn stjórnar eftirlitsaðila og stjórnarsýslueftirliti stjórnarinnar.
5. Framkvæmdastjórinn skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, einkum hvað varðar að samþykkja innri stjórnarsýslufyrirmæli og birta tilkynningar, til að tryggja að stofnunin starfi í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.
6. Á hverju ári skal framkvæmdastjórinn leggja fram drög að starfsáætlun stofnunarinnar á komandi ári, og leggja þau fyrir stjórn eftirlitsaðila, Evrópuþingið og framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní sama ár.
7. Framkvæmdastjórinn skal semja fyrstu drög að fjárhagsáætlun stofnunarinnar skv. 1. mgr. 23. gr. og framkvæma fjárhagsáætlun stofnunarinnar skv. 24. gr.
8. Ár hvert skal framkvæmdastjórinn semja drög að ársskýrslu með sjálfstæðan hluta um eftirlitsstarfsemi stofnunarinnar og hluta um mál er varða fjármál og stjórnarsýslu.
9. Að því er varðar starfsfólk stofnunarinnar, skal framkvæmdastjórinn beita heimildum þeim sem kveðið er á um í 3. mgr. 28. gr.

18. gr.

Kærunefnd

1. Kærunefndina skulu skipa sex fulltrúar og sex varamenn valdir úr hópi núverandi eða fyrrverandi háttsetts starfsfólks landsbundinna eftirlitsyrivalda, samkeppnisyrivalda eða annarra landsbundinna stofnana eða stofnana Bandalagsins með viðeigandi reynslu í orkugeiranum. Kærunefndin skal tilnefna formann. Ákvarðanir kærunefndarinnar skulu samþykktar með auknum meirihluta a.m.k. fjögurra af sex nefndarfulltrúum. Kærunefnd skal kölлуð saman eftir því sem þörf krefur.
2. Fulltrúar í kærunefnd skulu formlega skipaðir af stjórn, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, í kjölfar opinberrar auglýsingar eftir áhugasömum einstaklingum, og að höfðu samráði við stjórn eftirlitsaðila.
3. Skipunartími kærunefndarfulltrúa skal vera fimm ár. Heimilt er að endurnýja skipunartímamann. Kærunefndarfulltrúar skulu vera óháðir við ákvarðanatöku sína. Þeir skulu ekki lúta neinum fyrirmælum. Þeir skulu ekki gegna öðrum skyldum innan stofnunarinnar, í stjórn hennar eða stjórn eftirlitsaðila. Ekki skal segja kærunefndarfulltrúa upp störfum, nema hann hafi verið fundinn sekur um alvarlegt misferli og stjórnin taki ákvörðun um það að höfðu samráði við stjórn eftirlitsaðila.
4. Kærunefndarfulltrúar skulu ekki taka þátt í kærumeðferð hafi þeir þar einkahagsmuna að gæta eða hafi þeir áður komið að málinu sem fulltrúar einhvers aðilanna að kærumeðferðinni eða hafi þeir átt þátt í að taka ákvörðunina sem kærð er.
5. Kærunefndarfulltrúi skal upplýsa nefndina telji hann, af einhverri þeirra ástæðna sem vísað er til í 4. mgr. eða af einhverri annari ástæðu, að annar nefndarfulltrúi skuli ekki taka þátt í neins konar kærumeðferð. Hverjum aðila að kærumeðferðinni er heimilt að andmæla þátttöku kærunefndarfulltrúa með skírskotun í einhverja þá ástæðu, sem nefnd er í 4. mgr., eða ef einhver nefndarfulltrúi er grunaður um hlutdrægni. Slík andmæli skulu ekki tekin til greina ef þau eru byggð á þjóðerni fulltrúa, eða ef aðilinn sem andmælir og er aðili að kærumeðferðinni hefur hafið málsmeðferð í kæruférlinu, að undanskildum andmælum við samsetningu kærunefndarinnar, þótt hann hafi haft vitneskju um að ástæða var til andmæla.
6. Kærunefnd skal ákveða, án þátttöku viðkomandi kærunefndarfulltrúa, hvað skuli gert í þeim tilvikum sem um getur í 4. og 5. mgr. Við töku þessarar ákvörðunar tekur varamaður viðkomandi nefndarfulltrúa sæti hans í kærunefnd. Ef varamaður lendir í svipaðri aðstöðu og nefndarfulltrúi skal formaðurinn tilnefna staðgengil úr hópi tiltækra varamanna.
7. Fulltrúar í kærunefnd skulu starfa sjálfstætt og í þágu almennings. Í þeim tilgangi skulu þeir gefa skriflega yfirlýsingu um skuldbindingar og skriflega yfirlýsingu um hagsmuni, þar sem annað hvort kemur fram að þeir eigi engra hagsmuna að gæta, sem gætu skaðað óhæði þeirra, eða hvaða beinna eða óbeinna hagsmuna þeir eigi að gæta, sem gætu talist skaða óhæði þeirra. Þessar yfirlýsingar skulu gerðar opinberar árlega.

19. gr.

Kærun

1. Einstaklingum eða lögaðilum, þ.m.t. landsbundnum eftirlitsyfirvöldum, er heimilt að kæra ákvörðun skv. 7., 8. eða 9. gr. sem beint er að þeim, eða ákvörðun sem varðar þá beint eða óbeint þótt henni sé beint að öðrum aðila.
2. Kæran og rökkin fyrir henni skulu lögð skriflega fyrir stofnunina innan tveggja mánaða frá þeim degi sem hlutaðeigandi aðila barst tilkynning um ákvörðunina eða, hafi hann enga tilkynningu fengið, innan tveggja mánaða frá því að stofnunin birti ákvörðun sína. Kærunefnd skal taka afstöðu til kærunnar innan tveggja mánaða eftir að hún er lögð fram.
3. Kæra, sem lögð er fram skv. 1. mgr., hefur ekki áhrif til frestunar. Kærunefnd getur þó frestað beitingu hinnar umdeildu ákvörðunar ef hún telur aðstæður krefjast þess.
4. Ef kæra er tæk skal kærunefnd rannsaka hvort hún er vel rökstudd. Hún skal hvetja aðila að kærumeðferðinni, eins oft og þörf krefur og innan tilgreinds frests, til að gera athugasemdir við tilkynningar sem hún sjálf leggur fram eða við tilkynningar frá öðrum aðilum að kærumeðferðinni. Aðilar að kærumeðferðinni skulu hafa rétt til að gera munnlegar athugasemdir.
5. Kærunefnd er heimilt, í samræmi við þessa grein, að nýta sér allar heimildir á valdsviði stofnunarinnar eða vísa málinu aftur til þar til bærs aðila hjá stofnuninni. Ákvörðun kærunefndarinnar er bindandi fyrir þann aðila.
6. Kærunefndin setur sér starfsreglur og birtir þær.
7. Stofnunin skal birta ákvarðanir kærunefndarinnar.

20. gr.

Höfðun máls fyrir fyrsta stigs dómstólnum eða Evrópudómstólnum

1. Höfða má mál fyrir fyrsta stigs dómstólnum eða Evrópudómstólnum, í samræmi við 230. gr. sáttmálans, þar sem ákvörðun kærunefndar er kærð eða, í tilvikum þar sem ekki er heimilt að skjóta máli til nefndarinnar, þar sem ákvörðun stofnunarinnar er kærð.
2. Láti stofnunin hjá líða að taka ákvörðun er heimilt að höfða mál fyrir fyrsta stigs dómstólnum eða Evrópudómstólnum vegna aðgerðaleysis hennar í samræmi við 232. gr. sáttmálans.
3. Stofnuninni er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hlíta úrskurði fyrsta stigs dómstólsins eða Evrópudómstólsins.

IV. KAFLI

FJÁRHAGSÁKVÆÐI

21. gr.

Fjárhagsáætlun stofnunarinnar

1. Tekjuliðir stofnunarinnar skulu m.a. vera:
 - a) styrkur frá Bandalaginu sem færður er undir fjárlög Evrópusambandsins (liður um framkvæmdastjórnina),
 - b) gjöld sem greidd eru stofnuninni skv. 22. gr.,
 - c) fjáls framlög aðildarríkjanna eða eftirlitsyfirvalda, skv. 8. mgr. 13. gr. og
 - d) arfhlutir, gjafir eða styrkir skv. 8. mgr. 13. gr.
2. Til útgjalda stofnunarinnar skal telja kostnað vegna starfsmanna, stjórnunar, grunnvirkja og rekstrar.
3. Jafnvægi skal vera milli tekna og útgjalda stofnunarinnar.
4. Gera skal spá um allar tekjur og útgjöld stofnunarinnar fyrir hvert fjárhagsár, sem samsvarar almanaksári, og taka hana inn í fjárhagsáætlun hennar.

22. gr.

Gjöld

1. Greiða skal stofnuninni gjöld fyrir að óska eftir ákvörðun um undanþágu skv. 1. mgr. 9. gr.
2. Framkvæmdastjórnin ákveður gjöldin sem um getur í 1. mgr.

23. gr.

Gerð fjárhagsáætlunar

1. Eigi síðar en 15. febrúar ár hvert skal framkvæmdastjórnin semja fyrstu drög að fjárhagsáætlun, sem tekur til rekstrar-kostnaðar og vinnuáætlunar fyrir komandi fjárhagsár, og senda stjórninni þessi fyrstu drög að fjárhagsáætlun, ásamt yfirliti yfir bráðabirgðastöður. Stjórnin skal árlega gera áætlun um tekjur og gjöld stofnunarinnar fyrir næsta fjárhagsár sem byggð er á drögum frá framkvæmdastjóra. Stjórnin skal senda framkvæmdastjórninni áætlunina, sem inniheldur drög að yfirliti um stöðugildi, eigi síðar en 31. mars. Áður en stjórn eftirlitsaðila samþykkir áætlunina, skulu drög framkvæmdastjórans send stjórn eftirlitsaðila, sem getur lagt fram rökstutt álit um drögin.
2. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu (hér á eftir nefnd „fjárveitingavaldið“) fjárhagsáætlunina sem um getur í 1. mgr. ásamt drögum að fjárlagafrumvarpi Evrópusambandsins.
3. Á grundvelli áætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin fella inn í fyrstu drög að fjárlagafrumvarpi Evrópusambandsins þá þætti fjárhagsáætlunarinnar, sem hún telur nauðsynlega með hliðsjón af yfirlitinu um stöðugildi, og fjárhæð þess styrks, sem veita skal af fjárlögum Evrópusambandsins í samræmi við 272. gr. sáttmálans.
4. Fjárveitingavaldið skal samþykkja yfirlitið um stöðugildi fyrir stofnunina.
5. Stjórnin skal semja fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Hún er gerð endanleg í framhaldi af lokasamþykkt fjárlaga Evrópusambandsins. Ef þörf krefur skal henni breytt til samræmis við þau.
6. Hafi stjórnin í hyggju að hringja í framkvæmd verkefni sem kann að hafa veruleg áhrif á fjármögnun fjárhagsáætlunar stofnunarinnar skal hún tilkynna fjárveitingavaldinu það án tafar, einkum ef um er að ræða verkefni er varða fasteignir, s.s. leigu eða kaup á byggingum. Stjórnin skal einnig tilkynna framkvæmdastjórninni um fyrirætlan sína. Ef annar hvor handhafi fjárveitingavaldsins hyggst gefa út álit skal hann, innan tveggja vikna frá móttöku upplýsinga um verkefnið, tilkynna stofnuninni um þá fyrirætlan sína. Ef ekki berst svar er stofnuninni heimilt að halda áfram með áætlaða framkvæmd.

24. gr.

Framkvæmd og eftirlit með fjárhagsáætlun

1. Framkvæmdastjórnin skal koma fram sem sá sem fer með greiðsluheimildir og skal sjá um framkvæmd fjárhagsáætlunar stofnunarinnar.
2. Eigi síðar en 1. mars eftir lok hvers fjárhagsárs, skal sá sem annast bókhaldsstjórn stofnunarinnar framsenda þeim sem annast bókhaldsstjórn framkvæmdastjórnarinnar og Endurskoðunarráðinu bráðabirgðareikningsskilin ásamt skýrslu um stjórnun fjárhagsáætlunar og fjármála á fjárhagsárinu. Sá sem annast bókhaldsstjórn stofnunarinnar skal einnig senda skýrslu um stjórnun fjárhagsáætlunar og fjármálastjórnun til Evrópuþingsins og ráðsins eigi síðar en 31. mars næsta ár. Sá sem annast bókhaldsstjórn

hjá framkvæmdastjórninni skal gera samstæðu úr bráðabirgðareikningsskilum stofnananna og sjálfstæðra aðila í samræmi við 128. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna ⁽¹⁾ (fjárhagsreglugerð).

3. Eigi síðar en 31. mars eftir lok hvers fjárhagsárs skal sá sem annast bókhaldsstjórn framkvæmdastjórnarinnar framsenda Endurskoðunarréttinum bráðabirgðareikningsskil stofnunarinnar ásamt skýrslu um stjórnun fjárhagsáætlunar og fjármála á fjárhagsárinu. Skýrslan um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á fjárhagsárinu skal einnig framsend til Evrópuþingsins og ráðsins.
4. Eftir að hafa tekið við athugasemdum Endurskoðunarréttarins um bráðabirgðareikningsskil stofnunarinnar, í samræmi við ákvæði 129. gr. fjárhagsreglugerðarinnar, skal framkvæmdastjóri ganga frá endanlegum reikningsskilum stofnunarinnar á eigin ábyrgð og senda þau stjórninni til álitsgerðar.
5. Stjórnin skal skila áliti um endanleg reikningsskil stofnunarinnar.
6. Framkvæmdastjórinn skal senda endanleg reikningsskil, ásamt áliti stjórnar, eigi síðar en 1. júlí eftir lok fjárhagsársins, til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og endurskoðunarréttarins.
7. Endanleg reikningsskil skulu birt.
8. Framkvæmdastjórinn skal senda endurskoðunarréttinum svar við athugasemdum þess síðarnefnda fyrir 15. október. Hann skal einnig senda afrit af svarinu til stjórnarinnar og framkvæmdastjórnarinnar.
9. Framkvæmdastjórinn skal senda Evrópuþinginu, að beiðni þess síðarnefnda, og eins og kveðið er á um í 3. mgr. 146. gr. fjárhagsreglugerðarinnar, allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að greiðlega gangi að beita verklagsreglum við staðfestingu reikninga viðkomandi fjárhagsárs.
10. Fyrir 15. maí árið N + 2 skal Evrópuþingið, að fengnum tilmælum ráðsins sem tekur ákvörðun með auknum meirihluta, staðfesta reikninga vegna fjárlagaframkvæmdar framkvæmdastjórans fyrir fjárhagsárið N.

25. gr.

Fjárhagsreglur

Stjórnin skal semja fjárhagsreglur fyrir stofnunina að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina. Þær reglur mega vikja frá reglugerð (EB, KBE) nr. 2343/2002 ef sérstakar rekstrarþarfir stofnunarinnar krefjast þess og aðeins með undanfarandi samkomulagi framkvæmdastjórnarinnar.

26. gr.

Ráðstafanir gegn svikum

1. Í því skyni að berjast gegn svikum, spillingu og annarri ólögmætri starfsemi gilda ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 frá 25. maí 1999 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) ⁽²⁾ um stofnunina án takmarkana.
2. Stofnunin skal gerast aðili að samstarfssamningi milli stofnana frá 25. maí 1999 milli Evrópuþingsins, ráðs Evrópu sambandsins og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um innri rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) ⁽³⁾ og skal þegar í stað samþykkja viðeigandi ákvæði sem gilda skulu um allt starfsfólk stofnunarinnar.
3. Í ákvörðunum um fjármögnun og samningum og framkvæmdaskjölum sem leiða af þeim skal með skýrum hætti mæla fyrir um að Endurskoðunarrétturinn og Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum geti, ef nauðsyn krefur, gert vettvangsskoðanir hjá þiggjendum peninga sem greiddir eru frá stofnuninni og hjá starfsfólki sem ber ábyrgð á úthlutun þessara peninga.

V. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

27. gr.

Sérréttindi og friðhelgi

Bókunin um sérréttindi og friðhelgi Evrópubandalaganna gildir um stofnunina.

28. gr.

Starfsfólk

1. Starfsmannareglur Evrópubandalaganna, ráðningarkjör starfsmanna stofnana Evrópubandalagsins og reglur, sem stofnanir Evrópubandalaganna hafa samþykkt sameiginlega til beitingar þessum starfsmannareglum og ráðningarskilmálum, gilda um starfsfólk stofnunarinnar, þ.m.t. framkvæmdastjóra hennar.
2. Stjórnin skal, í samráði við framkvæmdastjórnina, samþykkja viðeigandi framkvæmdareglur í samræmi við 110. gr. í starfsmannareglunum.
3. Að því er varðar starfsfólk sitt skal stofnunin beita heimildum sínum sem veittar eru skipunaryfirvaldinu samkvæmt starfsmannareglum og því yfirvaldi sem hefur heimild til að gera samninga samkvæmt reglum um ráðningarkjör.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 136, 31.5.1999, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 136, 31.5.1999, bls. 15.

4. Stjórninni er heimilt að samþykkja ákvæði sem heimila að landsbundnir sérfræðingar frá aðildarríkjunum verði ráðnir í tímabundna starfstilfærslu hjá stofnuninni.

29. gr.

Ábyrgð stofnunarinnar

- Þegar um er að ræða ábyrgð sem er ekki samningsbundin ber stofnuninni, samkvæmt almennum og sameiginlegum meginreglum í lögum aðildarríkjanna, að bæta allt tjón sem hún eða starfsfólk hennar kann að valda við skyldustörf sín. Evrópu-
dómstóllinn skal fara með lögsögu í skaðabótamálum vegna allra slíkra tjóna.
- Persónuleg fjárhags- og refsiaþbyrgð starfsfólks stofnunarinnar gagnvart stofnuninni ákvarðast af viðkomandi ákvæðum er gilda um starfsfólk stofnunarinnar.

30. gr.

Aðgangur að skjölum

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾ gildir um skjöl í vörslu stofnunarinnar.
- Stjórnin skal ákveða hagnýtar ráðstafanir við framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1049/2001 eigi síðar en 3. mars 2010.
- Ákvarðanir, sem stofnunin tekur skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1049/2001, geta orðið tilefni kæru til umboðsmannsins eða málshöfðunar fyrir Evrópu-
dómstólnum samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 195. gr. sáttmálans annars vegar og 230. gr. hins vegar.

31. gr.

Þátttaka þriðju landa

- Þriðju löndum, sem hafa gert samninga við Bandalagið sem fela í sér að þau samþykkja og beita lögum Bandalagsins á sviði orku og, ef við á, á sviði umhverfis og samkeppni, er heimil þátttaka í stofnuninni.
- Í viðeigandi ákvæðum þessara samninga skal setja nánari ákvæði, þar sem sérstaklega er tilgreint hvernig, í hve miklum mæli og með hvaða hætti þessi lönd skuli taka þátt í starfi stofnunarinnar, þ.m.t. ákvæði í tengslum við fjárframlög og starfsfólk.

32. gr.

Nefnd

- Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.
- Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. a (1.–4. mgr.) og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

33. gr.

Tungumálareglur

- Ákvæði reglugerðar nr. 1 frá 15. apríl 1958, þar sem ákveðið er hvaða tungumál skulu notuð í Efnahagsbandalagi Evrópu ⁽²⁾, gilda um stofnunina.
- Stjórnin skal ákveða tungumálanotkun fyrir stofnunina.
- Þýðingamiðstöð stofnana Evrópusambandsins annast nauðsynlegar þýðingar vegna starfsemi stofnunarinnar.

VI. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

34. gr.

Mat

- Framkvæmdastjórnin skal framkvæma mat á starfsemi stofnunarinnar, með aðstoð óháðs utanaðkomandi sérfræðings. Matið skal fjalla um árangur stofnunarinnar og vinnuáðferðir hennar, í tengslum við markmið, umboð og verkefni hennar sem skilgreind eru í þessari reglugerð og í árlegum vinnuáætlunum hennar. Matið skal grundvallað á viðtæku samráði í samræmi við 10. gr.
- Framkvæmdastjórnin skal leggja matið, sem vísað er til í 1. mgr., fyrir stjórn eftirlitsaðila stofnunarinnar. Stjórn eftirlitsaðila skal beina tilmælum um breytingar á þessari reglugerð og stofnuninni og starfsvenjum hennar til framkvæmdastjórnarinnar en hún getur sent tilmælin Evrópuþinginu og ráðinu ásamt áliti sínu og viðeigandi tillögum.
- Framkvæmdastjórnin skal kynna Evrópuþinginu og ráðinu fyrsta matið eigi síðar en þremur árum eftir að fyrsti framkvæmdastjórnin hefur störf. Framkvæmdastjórnin skal eftir það leggja fram mat a.m.k. fjórða hvert ár.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 17, 6.10.1958, bls. 385.

35. gr.

Gildistaka og tímabundnar ráðstafanir

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.
2. Ákvæði 5. til 11. gr. gilda frá 3. mars 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins

H.-G. PÖTTERING

forseti.

Fyrir hönd ráðsins

E. ERLANDSSON

formaður.

B-deild – Útgáfud.: 7. janúar 2020